

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1216 N-Lax ehf. - Laxamýri	Laxamýri 641 Húsavík	Jón Helgi Björnsson Stöðvarstjóri			
Tilefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	24.2.2025	11.3.2025	8	0	0

Skoðuð voru og tekin afstaða til 12 skoðunatriða af 15. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 5 skoðunatriðum, þar af 1 Alvarleg frávik og 4 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni	2.1.2 Framleiðsluskýrsla
	5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)
	5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)
	5.1.6 Innri úttektir - sannpröfun (rekstrarleyfi>20.tonn)

Niðurstaða eftirlits

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Vigdís Sigurðardóttir, Jónína Guðmundsdóttir og Steinar Rafn Beck Baldursson, fóru í reglubundið eftirlit hjá N-Lax þann 24. febrúar 2025. Gengið var um fiskeldisstöð og eldisker yfirfarin ásamt því að varnir gegn stroki voru skoðaðar. Þá var farið yfir gæðaskjöl og skráningar á skrifstofu fiskeldisstöðvarinnar.

Þegar gengið var um fiskeldisstöðina urðu eftirlitsmenn varir við að smitvörnum væri ábótavant. Einungis var bakki með sótthreinsiefni í efra húsi en ekki því neðra og bakkinn var mjög skítugur og hreinlæti í kringum hann var ófullnægjandi. Þá var ástand húsnæðis m.t.t. aðgangs meindýra ábótavant. Aðspurður um aðferð við aflífun seiða og sveimara kvaðst starfsmaður eldisins aflífa seiðin með því að setja þau í poka þar sem þau drepast. Þessum frávikum er vísað til sérgreinadýralæknis fisksjúkdóma til rannsóknar. Að auki var aðgengi músa/meindýra að fóðurgeymslum óheft en eftirlitsmenn sáu töluvert af músaskít. Þessu fráviki er vísað til fagsviðsstjóra fóðurs.

Matvælastofnun kallar eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika í eftirlitsskýrslu þessari og Matvælastofnun mun hafa eftirfylgni með frávikum.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til matvælaráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnsýslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

N-Lax ehf. - Laxamýri
Laxamýri
641 Húsavík
Staða: Í gildi
Kennitala: 5510091220

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 2 3
Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð - 1 2 3

Tengiliðir

Jón Helgi Björnsson	8933778	jonhelgib@outlook.com	Framkvæmdarstjóri
---------------------	---------	-----------------------	-------------------

2 - Leyfi

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7. gr laga nr. 71/2008 og 38. gr. í reglugerð nr. 540/2020

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

Sett inn: 24.02.2025

Frávik

Daglega skráningar ófullnægjandi og ljóst að auka þarf formfestu í skráningu.

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.2 - Landeldi

12 og 19.gr. reglugerðar 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

Sett inn: 24.02.2025

Alvarlegt frávik

Ekki voru til staðar grindur í niðurföllum í starthúsi en upplýst var á staðnum að grindin (tappinn) væri alltaf í nema þegar verið væri að vinna. Í fiskigildru sem liggur út úr efri húsunum, m.a. starthúsinu, var töluverður fjöldi af lifandi seiðum og því ljóst að seiðin komast út úr efri húsunum. Fyrri varnir húsanna eru því ófullnægjandi þar sem starfsmenn taka varnirnar úr við þrif og ljóst er að seiði geta, og hafa, sloppið lifandi út.

Ekki voru til staðar ristar í niðurföllum í neðra eldisshúsi og fyrri varnir þar af leiðandi ekki til staðar.

Í settjörn er mikið magn af dauðum fisk.

Að mati Matvælastofnunar eru fyrri varnir eldisstöðvarinnar heilt yfir ófullnægjandi. Bæta verður úr vörnum þannig að tvöföld vörn sé til staðar og skerpa á verklagi starfsmanna varðandi þrif og að óheimilt sé að hafa opin niðurföll.

Ekki er til staðar fullnægjandi hoppuvarnir á milli kerja í efra húsi þrjú. Til staðar er 14 cm spýta sem liggur ofan á steiptum kerjunum og geta seiði auðveldlega stokkið yfir á milli kerja. Rekstraraðili hefur gripið til þeirra ráðstafana að hafa tomt ker á milli. Matvælastofnun telur það ófullnægjandi ráðstöfun þar sem sama hæð er á kerjunum að framan og milli þeirra og því augljóst að seiðin geta stokkið yfir varnirnar og lent á gólfi stöðvarinnar, drepist eða farið út úr stöðinni.

4.3 - Strok

45.gr. og viðauki IV. í reglugerð nr. 540/2020

4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks

Sett inn: 24.02.2025

Í lagi

Uppfæra þarf viðbragðsáætlun vegna stroks. Ekki þarf að vera til staðar rökstuddur grunur fyrir storki til þess að virkja viðbragðsáætlun heldur nægjanlegt að til staðar sé grunur um strok.

Tilkynna þarf stok til Matvælastofnunar á netfangið fiskeldi@mast.is

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 24.02.2025

Í skrá/áætlun um þjálfun starfsmanna vantar að tilgreina innan hvaða tímamarka nýliðþjálfun skal lokið. Þá vantar staðfestingu á þátttöku starfsmanns á árlegum fundi í þjálfunarskrá.

5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 24.02.2025

Uppfæra þarf viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og varanlegrar rekstrarstöðvunar þannig að tilkynna beri Matvælastöfun um fyrirhugaða rekstrarstöðvun. Áætlun um rekstrarstöðvun skal gerð í samráði við Matvælastofnun og tilkynna ber stofnuninni þegar rekstrarstöðvun hefur átt sér stað.

Viðbragðsáætlun um massadauða er ófullnægjandi og fjallar ekki um þau atriði sem henni ber að fjalla um.

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstrarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 24.02.2025

Í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 er rekstraraðila skylt að sannprófa innra eftirlit eldisstöðvar að lágmarki einu sinni á ári, alltaf eftir strok eða önnur alvarleg óhöpp og þegar breytingar eiga sér stað á rekstri eldisstöðvarinnar.

Fyrir liggur að rekstraraðili hefur ekki sannprófað innra eftirlit með framangreindum hætti.

Eftirfarandi skoðunaratriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi	4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi	4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks
4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk	5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva	5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi>20.tonn)
5.1.5 Innra eftirlit (rekstrarleyfi>20.tonn)		

Jónína Guðmundsdóttir
jonina.gudmundsdottir@mast.is
Séfræðingur í fiskeldi
5304800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.